Erla Erlendsdóttir

Lomber, spaddilía, basti, ponti ...

Um nokkur spænsk spilaorð í íslensku

1 Inngangur

Í bókinni *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* (1887) fjalla höfundarnir, Jón Árnason og Ólafur Davíðsson, meðal annars um töfl og spil. Ólafur getur þess í upphafi kaflans um spil að spilamennska sé „skemtan sú, sem er höfð mest um hönd á Íslandi í dag“ þótt „spil og öll spilamennska [séu] lángt frá því að vera íslenzk að uppruna“ (1887:321). Ekki er vitað með neinni vissu hvenær spil bárust til Íslands. Þýskir kaupmenn höfðu með sér spil í verslunarferðum til Íslands á fyrri hluta 16. aldar, Jón Arason biskup á Hólum minnist á spil í taflvísu sinni frá 16. öld og spila er víða getið í handritum frá 17. og 18. öld (1887:336). Þó telur Guðbrandur Magnússon að spil hafi borist til Íslands snemma á 16. öld, jafnvel fyrr (1978:116).

Meðal útlendra spilaleikja á Íslandi á 19. öld nefnir Ólafur Davíðsson *treikort*, *bónaparte*, *brús*, *fransfús*, *kasína*, *marías*, *pikket*, *rampús* og *lúmber* eða *lomber*. Um síðastnefnda spilið er til eftirfarandi húsgangur þar sem glögglega kemur fram að mönnum hafi alla jafna reynst erfitt að læra lomber í samanburði við önnur spil (Jón Árnason og Ólafur Davíðsson 1887:336–337):

> Fullnæmur má segjast sá
> sendir hrafna brima,
> sem að lærir lomber á
> liðugum klukkutíma.

Orð og tunga 17 (2015), 27–43. © Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Lomberspilið barst frá Danmörku til Íslands á 19. öld og naut brátt mikillar hylli meðal landsmanna og var spilað „á nánast hverju heimili í sumum byggðum á fyrstu áratugum 20. aldar“ (Þórarinn Guðmundsson 1989:165; sjá einnig Halldór Þorsteinsson 1983:3). Einnig tíðkaðist að spila lomber í landlegum og varð hann vinsælt vermannaspil um aldamótin 1900 (Lúðvík Kristjánsson 1985:204).

Enn þann dag í dag er lomber spilaður á Íslandi og eru haldin lombermót í ýmsum landsfjórðungum. Til að mynda var haldið vetrarbrautarmót í lomber austur á Skriðuklaustri árið 2013 en þar tíðkast að spila lomber á svokölluðum lomberkvöldum. Og hinn árlegi Lomberslagur milli Austfirðinga og Húnvetninga fór fram í Eyjafirði í apríl 2014 (*Vikudagur*).

Í þessari grein er ætlunin að rekja í stuttu máli sögu lomberspilsins (2. kafli) og uppruna orðsins *lomber* og annarra orða sem er nauðsynlegt að hafa á takteinum þegar lomber er spilaður eins og til dæmis *basti* ‘laufás’, *manilía* ‘næsthæsta spil’, *matador* ‘hátromp’, *ponti* ‘rauður ás’, *pass* ‘lægsta sögn í spili’, *sóló* ‘sögn í lomber’ og *spaddilía* eða *spadda* ‘spaðaás’ og fleiri (3. kafli). Hér eru á ferðinni tökuorð sem íslenskir lomberspilarar hafa notað allar götur frá því að spilið barst til landsins. Í fjórða og síðasta kafla greinarinnar er að finna stutta samantekt og lokaorð.

2 Saga lomberspilsins

Lomberspilið er talið eiga rætur að rekja suður til Spánar þar sem það var spilað af mikilli ástríðu einkum á 16. og 17. öld. Í heimildum frá þessum tíma er þess getið að aðallinn og kóngafólk hafi stytt sér stundir við spilamennsku og þá hafi lomber gjarnan orðið fyrir valinu (Étienvre 1990:166).

Ekki eru allir á einu máli um aldur spilsins. Sumir telja það vera frá 16. eða 17. öld og benda á ýmsar heimildir máli sínu til stuðnings. Aðrir staðhæfa að það sé eldra. Til að mynda segir Danska lomberspilafélagið (*Dansk l’Hombre Union*) það 600, jafnvel 700 ára gamalt og að munkar í miðaldaklaustrum hafið þróað lomberinn og spilað með það fyrir augum að þjálfa huga og hugsun. Slík skemmtan var reyndar með öllu bönnuð í klaustrum á miðöldum enda átti klausturlífið ekki að snúast um veraldlega skemmtun af þessu tagi. Þá er sagt að spilamenn hafi alla jafna verið fjórir en einungis þrír spiluðu þar sem sá fjórði stóð við dyrnar og fylgdist með mannaferðum svo enginn

kæmi spilamönnunum að óvörum við iðju sína. Í dag situr fjórði maðurinn gegnt þeim sem gefur og bíður eftir að röðin komi að sér, það er, situr yfir.

Elsta ritdæmi um orðið *hombre* 'lomber' í spænsku er frá lokum 16. aldar (CORDE). Orðið kemur fyrir í vísum og kvæðum frá þessum tíma sem og í bókmenntatextum af ýmsu tagi. Og víða rekumst við á spilaorð, sem tengjast lomberspilinu, í verkum frá gullaldartíma spænskra bókmennta (16. og 17. öld); má þar nefna verk eftir Lope de Vega, einn þekktasta leikritahöfund í þá tíð, og Tirso de Molina, skáldin Calderón de la Barca og Luis de Góngora og skáldsögur og smásögur eftir Miguel de Cervantes, Francisco de Quevedo, Mateo Alemán, Rojas Zorrilla og fleiri. Spilaorðin eru einnig víða notuð í yfirfærðri merkingu eins og fræðimaðurinn Étienvre (1987, 1990) bendir á í fróðlegri umfjöllun sinni um notkun spilaorða í gullaldarbókmenntum Spánverja.

Undir miðja 17. öld barst lomberspilið til Frakklands og var ákaft spilað við frönsku hirðina; það voru einkum hefðarkonur sem spiluðu lomber en upp á frönsku kallast það „jouer à l'hombre" (Cioranescu 1987:165; Étienvre 1987, 1990; TLF; Depaulis 1987/1988a). Frá Frakklandi hefur spilið líklega borist yfir til Þýskalands (Kluge 1999:525; Hübner (útg.) 1695; Depaulis 1987/1988a), Norðurlandanna og annarra landa álfunnar (Depaulis 1978/1988a, b og c). Spilsins er getið í dönskum spilabókum og heimildum undir lok 17. aldar og frá 18. öld (ODS) og um svipað leyti skýtur það upp kollinum í Svíþjóð (SAOB).

Nú má gera ráð fyrir að flestir spilaleikir hafi borist til Íslands í gegnum Kaupmannahöfn og að lomberspil sé þar engin undantekning. Lombers er fyrst getið í íslenskum textum frá miðri 19. öld (ROH); um aldamótin 1900 og í byrjun 20. aldar mun hafa verið afar vinsælt meðal alþýðu landsins að spila lomber sem einnig gekk undir heitinu heldrimannaspil vegna þess að „það spiluðu upphaflega einungis embættis- og verzlunarmenn" (Lúðvík Kristjánsson 1985:204).

Lomber hefur nú víðast hvar vikið fyrir ýmsum afbrigðum spilsins eða hreinlega horfið úr spilamenningu Evrópuþjóða. Það hefur þó varðveist á Spáni sem afbrigðið *tresillo* 'þriggja manna spil'.[1] Í Danmörku er *l'hombre* enn spilaður sem og í Færeyjum þar sem spilið heitir *lumbur* (í Skála og Mikkelsen 2007) og á Íslandi er *lomber* víða spilaður eins og áður sagði. Einnig mun afbrigði lombersins spilað

[1] Reyndar eru afkomendur lomberspilsins fleiri í hinum spænskumælandi heimi.

í Perú og Bólivíu og kallast þar *rocambor* (Depaulis 1987/1988a:101). Bretar og Frakkar hafa endurlífgað lomberinn en til þess leituðu þeir meðal annars í smiðju Dana og tóku danska lomberinn sem fyrirmynd (McLeod 1996, 2003).

3 Lomber og spilaorð

Mörg útlensk spilaorð, sem eru notuð í *lomber*, hafa haldið sér í íslensku og öðrum málum eins og hér verður vikið að. Orðin hafa borist með spilinu frá manni til manns, frá einu landi til annars, úr einu tungumáli í annað, sum hver allt sunnan frá Spáni og norður til Íslands með viðkomu í frönsku og dönsku. Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir orðunum *lomber*, *basti*, *kaski*, *koðradilla*, *manilía*, *matador*, *mort*, *pass*, *ponti*, *sóló*, *spaddilía* eða *spadda*, *spaði*, *tótus* og *velta* og ferðalagi þeirra að sunnan og norður. Orðin, sem hér eru til umfjöllunar, eru alla jafna talin spænsk að uppruna.

3.1 *Lomber*

Það er við hæfi að hefja leikinn með því að skoða sjálft heiti spilsins. *El juego de hombre* er meðal elstu spilaleikja á Spáni og mun hans fyrst vera getið í heimildum frá 15. öld. Heitið *hombre* 'lomber' kemur seinna til sögunnar. *Hombre* þýðir 'maður' en hér er vísað til „mannsins" sem spilar einn á móti mótspilurum sínum sem eru alla jafna tveir. Elsta ritdæmið um spilaheitið samkvæmt ritmálsskrá spænsku akademíunnar er í kvæði eftir skáldið Luis de Góngora ortu um aldamótin 1600 (CORDE).

Íslensk orðabók skilgreinir *lomber* sem 'sérstakt þriggja manna spil' (2002:927). Orðið er tekið úr dönsku, *l'hombre*, sem fékk það úr frönsku, *l'hombre*, en það mun upprunalega vera úr spænsku *hombre*, segir Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:576). Orðið *lomber* kemur fyrst fyrir í íslenskum heimildum árið 1859 þegar það skýtur upp kollinum í *Nýrri sumargjöf* sem Steingrímur Thorsteinsson ritstýrði og kom út í Kaupmannahöfn. Úr tímaritinu er eftirfarandi setning: „Þrír menn sátu einusinni og spiluðu lomber. Einn þeirra sagði: Sólo" (1859:69). Í texta frá árinu 1959 er orðið skrifað *l'hombre* sem minnir óneitanlega á rómanskan uppruna þess (ROH). Samsett orð þar sem tökuorðið er fyrri liðurinn eru *lomberbróðir*, *lomberklúbbur*, *lomberkvöld*, *lomberspil* og *lomberspilari* (ROH).

Árið 1786 kom út í Kaupmannahöfn *Nye og fuldstændig dansk Spillebog og indeholdende rigtig og tydelig Underviisning i de brugeligste Kort-Spil* eftir Johan Christian Melbye. Þar er gerð grein fyrir spilinu *l'hombre* sem á 18. öld var skrifað á margvíslega vegu, svo sem *lombre* (1782), *lomber* (1759), *L'Ombre* (1786), *à l'hombre*, *Al*(*l*)*omber* og *Alumber* (um 1700). Síðustu tvær orðmyndirnar virðast myndaðar við samruna frönsku setningarinnar (*jouer*) *à l'hombre* 'spila lomber'. Elsta ritdæmið um spilaheitið kemur fyrir í orðabókarhandriti Matthiasar Moth frá því fyrir aldamótin 1700 en þar er rithátturinn *alumber* (ODS; Moth um 1700).

Enn þann dag í dag er lomber spilaður í Danmörku. Til marks um það er fjöldi lomberklúbba í landinu[2] sem og eftirfarandi samsett orð í dönsku máli: *l'hombreaften*, *l'hombrebog*, *l'hombregilde*, *l'hombrekammerat*, *l'hombreklub*, *l'hombrekort*, *l'hombreparti*, *l'hombreselskab* og *l'hombreudtryk* (ODS). Orðin *L'hombrebord*, *l'hombrespil*, *l'hombrespiller*, *l'hombrist* 'lomberspilari' eru sjálfstæðar flettur í dönsku orðabókinni (ODS).

Danska fékk spilaheitið úr frönsku (ODS) en lomber var afar vinsælt spil í Frakklandi, einkum á seinni helmingi 17. aldar og fyrri hluta þeirrar 18. Elsta ritdæmi *l'hombre* í frönsku er frá 1657 (TLF; Cioranescu 1987:165). Í ýmsum viðtökumálum, eins og þýsku og sænsku, rann ákveðni greinirinn í frönsku *le* saman við tökuorðið úr spænsku *hombre*, *l'hombre*, svo úr varð orðmyndin *lombre* og síðar urðu stafavíxl sem gaf *lomber*, rithátt sem festi sig í sessi í íslensku og þýsku (Kluge 1999:525).

3.2 *Basti*

Basti er samkvæmt *Íslenskri orðabók* 'laufás (í trompi) í lomber' (2002:95). Í ritinu *Múlaþing* frá árinu 1985 segir svo: „Laufásinn nefnist basti, og er hann þriðja hæsta tromp, hvort sem trompliturinn er rauður eða svartur" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:191). Ásgeir Blöndal Magnússon telur að orðið hafi borist í íslensku í gegnum dönsku, *basta* 'laufás', en sé spænskt að uppruna (1989:44). Orðið kemur fyrir í dönskum textum frá 18. öld, til dæmis í verki leikritahöfundarins Ludvigs Holberg og í fyrstu dönsku spilabókinni frá 1786 (Melbye 1786:3). Samkvæmt dönskum heimildum mun orðið tekið úr frönsku, *baste* (ODS). Elsta dæmið um *baste* í frönsku er frá 1674 en það mun

[2] Árið 2014 eru þeir samtals 25 og meðlimir rúmlega 800. Sjá *Dansk l'Hombre Union*.

fengð úr spænsku (Cioranescu 1987:57).

Basti í íslensku, *basta* í dönsku og *baste* í frönsku koma úr spænsku *basto* sem er sennilega stytt orðmynd af *bastón*[3] 'stafur', 'lurkur', 'kylfa' (DCECH 1997:539). Í spænsku er elsta ritdæmi orðsins *basto* í merkingunni 'spil úr spilastokknum' frá miðri 16. öld og kemur það fyrir í kvæði eftir Pedro de Orellana (s.st.; CORDE).

3.3 *Kaski*

Í ROH kemur orðið *kaski* fyrir í sambandinu *að taka kaska*, þ.e. 'að taka spil'. Dæmi um orðið er að finna í ritinu *Múlaþing* frá 1985 þaðan sem eftirfarandi tilvitnun er sótt: „Ef allir spilamennirnir þrír hafa sagt pass, getur forhöndin sagt: "*Ég tek kaska*," í stað þess að fleygja spilunum, svo að næsti maður taki þau til nýrrar gjafar" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:195). Ætla má að merkingin sé sú sama í eftirfarandi kvæði frá 1866: „Solotout og svarta kaska sértu háður"[4] (Jón Brynjólfsson 1973:86). Í *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* frá 1887 lýsir Ólafur Davíðsson spilinu púlspas en þar er „hafður kaski, eins og í lomber o.s.frv." (Jón Árnason og Ólafur Davíðsson 1985:339). Ólafur styðst hér við dönsku spilabókina frá 1786.

Ágúst H. Bjarnason (1989) útskýrir *kaska* í lomber á eftirfarandi hátt:

> B. Þegar pass hefur gengið allan hringinn, getur sá, sem er í forhönd sagt: »Ég tek kaska.« Hann tekur þá átta efstu spil úr stokk og níunda spilið má hann annað hvort velja úr þeim, sem hann fékk á höndina eða tíunda spil úr stokk. Þá getur hann sagt spil og valið tromplit. Mótherjar mega síðan kaupa þau fjögur eða fimm spil, sem eru eftir í stokki. – Á stundum er viðhöfð »spödduskylda«. Hún er fólgin í því, að sá sem hefur spadilíu á hendi, er skyldugur að taka kaska.

Þórarinn Guðmundsson (1989:172) notar orðmyndina *kaskó* í umfjöllun sinni um lomberspilið og í þeirri merkingu sem hér hefur verið sagt frá.

---

[3] *Baston* og *bastones* sem spilaorð koma fyrir í Spilakvæði (*Juego de naypes*) Fernando de la Torre (1416?-1475) (Díez Garretas 1983:219, 223).

[4] Solotout og svarta kaska sértu háður,
feitan mat og vínið viður
vaxi þinn og dafni kviður.

Líklega er orðið *kaski* komið inn í íslensku í gegnum dönsku *kaske* sem í lomberspili merkir 'det, at man i st. f. sine egne kort tager de 8 ell. 9 øverste kort af talonen og deraf søger at danne sig et spil' (ODS). *Kaske* kemur fyrst fyrir í dönsku spilabókinni frá 1786 (Melbye 1786:33; ODS). Það mun vera úr spænsku eða ítölsku, *casco*, *cascarela* eða *cáscara*, en uppruni þess er óljós (ODS; SAOB; DRAE; DCECH 1991:905).

3.4 *Koðradilla*

Koðradilla er það kallað þegar sagnhafi tekur einungis tvo slagi í pósitívri sögn; það þykir mikil skömm og verður hann að borga það sama og þegar hann verður krúkk eða fær tvöfalt bit eða refsingu (Ingólfur Sigfússon 2009). Orðið kemur ekki fyrir í íslenskum orðabókum en í ROH er bent á ritdæmi í bókinni *Kvæði eptir Jón Þórðarson Thóroddsen* útgefinni í Kaupmannahöfn árið 1919 en tímasett um miðja 19. öld. Í kvæðinu „Um þjófabæn hina nýju" stendur „þeir skulu verða, það eg sver, þrisvar koðradilla"[5] og neðanmáls fylgir útskýring á orðinu: „þ.e. *codille*, versta útreið í lúmber-spili" (Jón Þórðarson Thóroddsen 1919:231). Ætla má að íslenska orðið sé tekið úr dönsku *kodille*, „det forhold i l'hombre, at spilleren gør færre stik end en af modspillerne, hvorfor han faar dobbeltbet; kruk" (ODS; Melbye 1786:14), sem kemur inn í danskt mál í gegnum frönsku, *codille*, en er upprunalega úr spænsku, *codillo*.

Orðið er í frönskum textum frá 1676 (Cioranescu 1987:103) og í spænskum textum frá upphafi 17. aldar og þá í merkingunni sem hér um ræðir. Corominas og Pascual (DCECH 1996:118) telja elsta ritdæmið vera frá 1620 og komi spilasögnin fyrir í vísu eftir skáldið Luis de Góngora. *Codillo* er samsett úr spænska nafnorðinu *codo* 'olnbogi' og viðskeytinu *-illo*, 'litli'.

3.5 *Manilía*

Í *Íslenskri orðabók* er *manilía* skilgreind sem 'næsthæsta spil í lomber' (2002:956). Í ritinu *Múlaþing* frá 1985 er eftirfarandi nánari útskýring á orðinu sem er hér til umfjöllunar: „Ef annar hvor svarti liturinn

[5] Sigurinn er mældur mèr,
mun eg slögum spilla,
þeir skulu verða, það eg sver,
þrisvar koðradilla.

er tromp, er tvisturinn í tromplitnum alltaf næsthæsta trompið. Sá tvistur nefnist manilía“ (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:191). Orðið mun komið inn í íslensku í gegnum dönsku *manille* ‘den næsthøjeste trumf i l’hombre, (toen i de sorte farver, syven i de røde)’ (ODS) en með rithættinum *manilje* skýtur orðið upp kollinum í dansk-þýskri orðabók sem von Aphelen setti saman árið 1764 (ODS). Franskar heimildir segja orðið tekið úr spænsku *malilla* og mun elsta ritdæmi þess í frönsku máli vera frá 1682, *malille* (Cioranescu 1987:183). Undir lok 17. aldar kemur orðið fyrir með rithættinum *manille*. Breytinguna *-l-* í *-n-* má skýra sem hljóðfirringu fyrir áhrif orðsins *main* ‘hönd’ í frönsku (TLF).

Í spænsku er orðið *malilla* til í umræddri merkingu síðan um 1550, jafnvel fyrr í töluðu máli, en elsta ritdæmið er að finna í kvæði eftir Pedro de Orellana (CORDE). *Mala*, komið af *malo* ‘slæmur’, ‘vondur’, er einnig notað í þessari sömu merkingu og er um visst öfugmæli að ræða en *manille* er jú bara næsthæsta spilið í lomber, ásinn er hærri (DCECH 1996:785). Viðskeytið *-illa* er smækkunarending.

3.6 *Matador*

‘Hátromp í lomber’ er kallað *matador* (ÍO 2002:968). Eitt elsta dæmið um orðið *matador* í þessari merkingu er frá árinu 1948 þegar það kemur fyrir í texta eftir Hendrik Ottósson með rithættinum *matadór*: „fannst þeim, [...] andi sinn renna á skeið ef þeir fengu svo og svo marga matadóra, rétt eins og þeir, sem nú spreyta sig á allskonar aðferðum í bridge“ (ROH). Einnig rekumst við á orðið í ritinu *Múlaþing* frá 1985: „Spadda, manilían (tvistarnir í svörtu litunum og sjöurnar í þeim rauðu) og basti nefnast matadorar (hátromp) allir þrír“ (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:191). Í orðsifjabók sinni skrifar Ásgeir Blöndal Magnússon *mattador* og útskýrir sem ‘hátromp í spilum (lomber)’, ‘sérstakt spil’[6] (1989:608). Jafnframt segir hann að um tökuorð úr dönsku sé að ræða og að danska taki það úr lágþýsku en þangað komi það úr spænsku. Í *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* (1887) notar Ólafur Davíðsson dönsku orðmyndina *matadorer* þegar hann útskýrir háspil í *styrvolt* eða *karnifel*: „Háspilin (Matadorer, Stikkere) eru hjartatvistur, lauffjórir, spaðaáttur, hjartaníur og tígulníur“ (1887:339).

Danska orðabókin (ODS) telur að hér sé á ferðinni spænskt orð sem komið sé í dönsku í gegnum frönsku. *Matador*, ‘nom des cartes

[6] Hér verður ekki fjallað um aðrar merkingar orðsins í íslensku.

maîtresses de l'hombre' eða 'háspil í lomber', er spænskt tökuorð í frönsku og er elsta dæmi þess að finna í spænsk-franskri orðabók Oudins frá árinu 1660 (TLF; Cioranescu 1987:193).

Matador í spænsku í merkingunni 'spil' er sennilega frá 16. öld en orðið hefur einnig merkinguna 'slátrari' og 'nautabani'. *Matar* er sögn og þýðir 'drepa'; *-dor* er viðskeyti og vísar til gerandans. Elsta ritdæmi orðsins samkvæmt ritmálsskrá spænsku akademíunnar, og í þeirri merkingu sem hér er til umfjöllunar, er í ljóði sem skáldið Luis de Góngora orti í upphafi 17. aldar (CORDE).

3.7 *Mort*

Mort kallast það þegar fjórði spilamaðurinn, sá sem situr yfir, tekur allan stokkinn, þrettán spil, og spilar gegn hinum spilamönnunum. Í ritinu *Múlaþing* er *mort* útskýrt á eftirfarandi hátt:

> Mort er aðeins spilað þegar fjórir spila. Þegar allir segja pass, eða sá, sem tekið hefur kaska, hefur gefist upp og vill ekki spila hann, getur fjórði spilamaðurinn, [...] tekið allan stokkinn, þrettán spil, og með þeirri tilraun reynt að fá það góð spil, að hann geti spilað gegn hinum þremur spilamönnunum. (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:195)

Í dönsku er nú til dags alla jafna skrifað *mår* eða *maar*, í samræmi við franskan framburð orðsins *mort*, þótt rithátturinn *mort* finnist í eldri heimildum, til dæmis í spilabók frá 1847 (ODS). Ekki hefur reynst unnt að finna orðið *mort* í þeirri merkingu, sem hér er til umfjöllunar, í frönsku máli en í spænsku er það *muerto* og notað í þeirri merkingu sem hér hefur verið rædd (DRAE).

3.8 *Pass*

Pass merkir 'lægsta sögn í spilum'; með því að *segja pass* 'lætur spilamaður í ljós að hann óskar ekki eftir að ráða spilinu' eða 'segir lægstu sögn' (ÍO:1122). Önnur merking orðarununnar er sú að 'vilja ekki taka þátt í e-u, hætta við e-ð' (sama heimild). Sögnin *passa* merkir það sama og 'segja pass' og *passi* er 'neðsta spil á stokki'. Ásgeir Blöndal Magnússon segir að ekki sé vitað með vissu hvaðan síðasta orðið er upprunnið en að vísast sé um tökuorð að ræða. Hann telur aftur á móti að *pass* sé tekið úr dönsku, *pas*, *passe*, orð sem á hinn bóginn er

fengið úr frönsku (1989:702). Samkvæmt dönskum heimildum er *pas* eða *passe* komið úr frönsku *pass* og spænsku *paso*. *Pas* er spilasögn í dönsku og merkir að viðkomandi spilari hefur engin spil á hendi eða óskar ekki eftir spili; orðið kemur fyrir í fyrstu dönsku spilabókinni frá 1786 (Melbye 1786:9; ODS). Orðið er tekið úr frönsku *je passe* eða spænsku *paso* (ODS), fyrstu persónu eintölu af sögnunum *passer* í frönsku og *pasar* í spænsku. Í spænsku er orðið *paso* að finna í ýmsum textum frá upphafi 17. aldar í sömu merkingu og hér er til umfjöllunar (Chamorro Fernández 2005:121).

3.9 *Ponti*

Í tímaritinu *Múlaþing* frá 1985 er gerð grein fyrir orðinu *ponti* og það sagt vera 'rauður ás' eins og fram kemur í tilvitnuninni hér á eftir: „þegar rauðu litirnir eru tromp, hækkar gildi rauðu ásanna og verða þeir þá fjórða hæsta trompspilið hvor í sínum lit, næstir á eftir laufaás (basta) að gildi og nefnast þá – sá rauði ás, ponti" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:191). Ásgeir Blöndal Magnússon segir að *ponti*, 'rauður trompás í lomber', sé líklega tökuorð úr dönsku – *ponte* eða *ponto* – og að upprunalega sé um spænskt orð að ræða, *punta*, 'ás, punktur' (1989:719). Danska orðabókin (ODS) bendir á að orðið sé úr frönsku *ponto* eða spænsku *punto*. *Ponte* kemur fyrst fyrir í orðabók Matthiasar Moth frá því um 1700 í merkingunni 'et af de røde esser i velten, i à lombre spil' (ODS; Moth ca 1700) en elsta dæmið með *ponto* er frá 1786 og kemur fyrir í *Nye og fuldstændig dansk Spillebog* ... eftir Melbye (1786:3; ODS).

Ponto kemur ekki fyrir í frönskum orðabókum en hins vegar er þar orðið *ponte* í merkingunni „Au jeu de l'hombre, as de coeur ou de carreau quand on joue dans l'une ou l'autre de ces couleurs" (TLF), það er 'hjarta- og tígulás í lomber'. Elsta ritdæmi orðmyndarinnar *ponte* kemur fyrir í lýsingu á lomberspili í spilabókinni *Le Jeu de l'hombre, comme on le joüe* ... frá árinu 1682 (TLF, Cioranescu 1987:235). Í *Le jeu de l'hombre* frá 1679 er orðmyndin *ponto* notuð í merkingunni 'hjartaás' eða 'tígulás' (Hagen (útg.) 1679:10-11).

Í spænsku merkir *punto* 'ásarnir í spilastokknum' (DUE 2004:815; DRAE) og í þessari merkingu kemur orðið fyrir í ýmsum lausavísum, þulum og söngbókum frá 16. og 17. öld (Étienvre 1990:20).

3.10 *Sóló*

Sóló er 'sögn í spilum (m.a. vist og lomber)' (ÍO:1423). Í ritinu *Múlaþing* frá 1985 er orðið útskýrt á eftirfarandi hátt: „Sóló líkist venjulegu spili. Sá munur er aðeins þar á, að sagnhafi má ekki kaupa úr stokknum, en verður að spila með þau spil, sem hann fékk þegar gefið var" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:194). Elsta dæmið um orðið í ROH er frá árinu 1859 og er í *Nýrri sumargjöf*, riti sem Steingrímur Thorsteinsson ritstýrði og gefið var út í Kaupmannahöfn eins og áður hefur komið fram. Orðið í merkingunni 'sögn í spilum' er tökuorð úr dönsku, *solo*, samkvæmt Ásgeiri Blöndal Magnússyni sem telur jafnframt að orðið sé upprunnið í ítölsku (1989:928). Danskar heimildir benda hins vegar á að orðið í merkingunni, sem um ræðir[7], sé tekið úr spænsku (ODS) og sé til í málinu síðan 1786 þegar það birtist í fyrstu dönsku spilabókinni (Melbye 1786:10).

Orðið *solo*, eða *sólo*, er erfðaorð í spænsku og má gera ráð fyrir að það hafi verið í notkun í spilamennsku frá árdögum lomberspilsins, eða síðan á 16. öld, jafnvel fyrr (sjá Étienvre 1990:178-181).

3.11 *Spaddilía, spadda*

Spaddilía er 'spaðaás í lomber' (ÍO:1426). Í ritinu *Múlaþing* frá árinu 1985 rekumst við á eftirfarandi dæmi um orðið: „Spaðaásinn er nefndur spadda, stundum spaddilía, og er hann verðmætasta spilið hvort sem trompliturinn er rauður eða svartur" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:191). Guðmundur Gíslason Hagalín notar ritháttinn *spadilía* (ROH) og í nokkrum ritum frá lokum 20. og byrjun 21. aldar birtist rithátturinn *spaddelía* (Ingólfur Sigfússon 2009). Orðið er trúlega tökuorð úr dönsku *spadille* 'spar es, der er højeste trumf i l'hombre (og kvadrillespil)' sem einnig var ritað *spadilje* (1764) áður fyrr. Elsta dæmið um orðið með ofangreindri merkingu í dönsku er frá 1731 samkvæmt heimildum sem telja orðið komið inn í málið úr frönsku (ODS). Í frönsku merkir *spadille* 'as de pique dans le jeu de l'hombre' eða 'spaðaás' og er tökuorð úr spænsku. Elsta dæmið um orðið er frá árinu 1676 en þá birtist það í frönskum texta með rithættinum *espadille*; elsta dæmið um ritháttinn *spadille* er frá 1690 eða 1691 (Cioranescu 1987:140; TLF).

Espadilla í spænsku merkir 'spaðaás' og fyrirfinnst í ritmáli síð-

[7] „[...] om melding og spil i l'hombre, hvori spilleren ikke maa "købe", og som regnes som honnørspil" (ODS).

an um miðja 16. öld (CORDE). Nafnorðið *espada* merkir 'spaði'; viðskeytið *-illa* er smækkunarending og ljær orðum ákveðinn blæ eins og þegar orð á íslensku fá viðskeytið *-lingur* í merkingunni 'litli'. Má þá útleggja *espadilla* sem *spaðlingur* eða 'litli spaði'.

3.12 *Spaði*

Spaði 'spilalitur' er tökumerking úr dönsku samkvæmt Ásgeiri Blöndal Magnússyni (1989:930). Elsta ritdæmið í ROH er frá 1887 úr bókinni *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur* (Jón Árnason og Ólafur Davíðsson 1887:323). *Spader* og *spar* kemur inn í dönsku trúlega fyrir 1700 (ODS) en elsta ritdæmi þess í nýdönsku er að finna í *Moralske Tanker*, verki eftir Ludvig Holberg frá 1744 (ODS). Samkvæmt heimildum ODS er orðið tekið úr spænsku *espadas*.

Spænska orðið *espada* í merkingunni 'spilalitur' hefur verið til í málinu síðan spænsku spilin komu til sögunnar á 13. eða 14. öld, jafnvel fyrr, en sumir spilafræðingar telja að uppruna spila og spilamennsku megi rekja til Spánar (Bider 1973).

3.13 *Tótus*

Tótus í lomber merkir það að ef „einhver sagnhafi hefur fengið fimm fyrstu slagina og álítur að hann geti einnig fengið þá fjóra, sem eftir eru á spilin sín, getur hann sagt **tótus**" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:196), þ.e. hann „skuldbindur sig til að taka alla slagina gegn aukavinningi [...] ef hann vinnur spilið". Íslenskir lomberspilarar nota einnig *tú* í sömu merkingu og *tótus* (Halldór Þorsteinsson 1983:12). Hér liggur franska orðið til grundvallar en framburður *tout*/*tous* er *tú*.

Orðið *tout* finnst í dönsku síðan 1786 í merkingunni 'vinna alla slagina' en í spilaútskýringum Melbye segir að „Naar en giør alle stikkene i Spilet, saa kalder man det, efter det Franske Vole eller Tous; paa spansk Todos, Italiansk Tutti" (Melbye 1786:23). Í dönsku orðabókinni er orðið skilgreint sem „en melding [i l'hombre], hvorved man forpligter sig til at tage alle stik" (ODS), það er að segja, sögn í lomber þar sem sagnhafi skuldbindur sig til að taka alla slagina. *Tout*, eða *atout*, er tekið úr frönsku (ODS) þar sem það er notað í sömu merkingu og hér er til umfjöllunar en elsta ritdæmið er frá 1680 (TLF). Í spænsku er orðið *todo*, fleirtala *todos*, einnig notað í ofangreindri merkingu. Elsta ritdæmi orðsins er frá fyrri hluta 17. aldar og kemur fyrir í leikriti eftir Tirso de Molina (Chamorro Fernández 2005:135);

einnig eru mörg dæmi um spilaheitið í ýmsum lausavísum og kvæðum frá þessum tíma (Étienvre 1990:181).

Tout (*atout*) og *todo* er upprunalega úr latínu *tōtus* og merkir 'allur' (DCECH 1991:528). Hér er vísað til þess að vinna alla slagina í lomberspili eða öðrum spilum (DRAE; Chamorro Fernández 2005:135).

3.14 *Velta*

Sjötta skilgreining nafnorðsins *velta* í *Íslenskri orðabók* (2002:1721) er 'trompsögn (uppvelta) í lomberspili', þ. e. efsta spili spilastokksins er velt við. Elsta dæmið um orðið í ROH er frá árinu 1985 og er spilasögnin útskýrð í *Múlaþingi* á eftirfarandi hátt: „Því næst kemur stígandi sagnaröð, og er þá fyrst að maður býður **veltu** eða: ég segi túrnir, eins og venjulega er sagt, þegar boðin er velta. Sögn þessi heitir **túrnir**." (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:193). *Túrnir* er notað í sömu merkingu og *velta*. Nú má vera að *velta* sé tökuþýðing og komi úr dönsku *turné* 'spil i l'hombre, hvorved den meldende vender talonens øverste kort, som bliver trumffarve' (ODS), sem aftur á móti er tekið úr frönsku *tourné* sem einnig hefur komist inn í íslensku eins og eftirfarandi dæmi sýnir: „Grand-túrnir (Grand tourné) (Einnig oft nefndur ásatúrnir eða **ásavelta**)" (Sigurður Magnússon (þýð.) 1985:194).

Í spænsku er orðið *vuelta* eða *vueltos* notað í sömu merkingu og hér er rætt um. Eitt elsta ritdæmið er úr texta frá 1603 (Chamorro Fernández 2005:144; DUE 2004:1427).

4 Lokaorð

Hér hefur verið fjallað um orð og hugtök sem lúta á einn eða annan hátt að heiti spila og spilasagna í lomber. Elstu ritdæmin í ROH eru *lomber* og *sóló* frá árinu 1859, *kaski* frá 1866 og *koðradilla* sem kemur fyrst fyrir í íslenskum texta frá miðri 19. öld. Önnur orð, sem hér hafa komið við sögu, finnast í flestum tilfellum í íslenskum textum frá fyrri hluta 20. aldar og fram á níunda áratug aldarinnar. Það hefur komið fram hér að ofan að lomber hefur verið spilaður á Íslandi frá því á 19. öld og má fyrir vikið gera því skóna að hugtökin, sem um ræðir, hafi verið notuð í talmáli spilamanna allt frá þeim tíma.

Spilaheitið og spilaorðin er að finna í ýmsum heimildum, svo sem dagblöðum og tímaritum frá fyrri hluta 20. aldar. Sum skjóta

upp kollinum í vísum og kvæðum allt frá 19. öld; önnur koma fyrst fyrir í spilabókum og kverum. Það er ekki fyrr en dregur úr lomberspilamennsku á landinu að menn taka að skrá spilareglurnar, væntanlega fyrir það að lomber er einkar flókið spil í samanburði við önnur sem voru spiluð í þá tíð. Má vera að það sé skýringin á því að það er ekki fyrr en á seinni hluta 20. aldar sem við rekumst á bæklinga og kver um lomberspilið eins og það sem Halldór Þorsteinsson gaf út árið 1983. En í inngangi segir hann að „með kveri þessu [sé] gerð tilraun til að bæta að nokkru úr þeirri vöntun sem verið hefur á leiðbeiningum um Lomber“ (1983:3). Í sumum tilvikum er um að ræða þýðingar úr dönsku eins og raunin er um grein sem birtist í þýðingu Sigurðar Magnússonar í ritinu *Múlaþing* árið 1985.

Orðin, sem hér hafa verið til umfjöllunar, eiga að baki langt ferðalag þegar þau loks komast til Íslands og bera sum þeirra þess merki að hafa haft viðdvöl í öðrum tungumálum á leið sinni að sunnan og norður. Þrátt fyrir það er athyglisvert hversu auðþekkjanleg þau eru mörg hver í íslensku og öðrum tungumálum þar sem þau hafa tekið sér bólfestu; suðrænt yfirbragð þeirra dylst fæstum. Þótt þau hafi í einstaka tilfellum tekið á sig örlítið breytta mynd í gegnum tíðina þá er merkingin almennt sú sama og hin upprunalega.

Lomberspilið virðist lifa góðu lífi meðal íslenskra spilamanna og þá ekki bara í sinni gömlu mynd heldur einnig sem nýlomber og lumbra (Þórarinn Guðmundsson 1989:173, 175). Gera má ráð fyrir að spilið og hugtök og heiti sem tengjast því muni lifa með ástríðufullum lomberspilurum enn um sinn. Síðan 2009 er hægt að nálgast upplýsingar um lomberspilið og reglur þess á netinu (Ingólfur Sigfússon 2009) og spila þar ef mönnum hugnast að gera svo.

Heimildir

Ágúst H. Bjarnason. 1989. *Lomber*. Á vefsíðu: http://ahb.is/lomber/ (16. apríl 2014).

Bider, Pavle. 1973. *Die spanische Herkunft der Spielkarte*. Winsen-Luhe: Egbert Meissenburg.

Chamorro Fernández, María Inés. 2005. *Léxico del naipe del Siglo de oro*. Gijón: Ediciones Trea.

Cioranescu, Alejandro. 1987. *Los hispanismos en el francés clásico*. Madrid: Anejos del Boletín de la Real Academia Española.

Dansk l'Hombre Union. Á vefsíðu: http://www.lhombre.dk/ (16. apríl 2014).

Depaulis, Thierry. 1987/1988a. Ombre et Lumière. Un Peu de Lumière sur

L'Hombre. *The Playing Card*. *Journal of the International Playing-Card Society* XV, 4:101–110.

Depaulis, Thierry. 1987/1988b. Ombre et Lumière. Un Peu de Lumière sur L'Hombre. *The Playing Card*. *Journal of the International Playing-Card Society* XVI, 1:10–18.

Depaulis, Thierry. 1987/1988c. Ombre et Lumière. Un Peu de Lumière sur L'Hombre. *The Playing Card*. *Journal of the International Playing-Card Society* XVI, 2:453.

Díez Garretas, María Jesús. 1983. *La obra literaria de Fernando de la Torre.* Valladolid: Universidad de Valladolid. Secretariado de publicaciones.

Étienvre, Jean-Pierre. 1987. *Figures du jeu. Etudes lexico-sémantiques sur le jeu de cartes en Espagne (XVIe–XVIIIe siècle)*. Madrid: Casa de Velázquez.

Étienvre, Jean-Pierre. 1990. *Márgenes literarios del juego. Una poética del naipe siglos XVI–XVIII*. London: Tamesis Books.

Guðbrandur Magnússon. 1978. *Saga spilanna. Ágrip*. Siglufjörður: Siglufjarðarprentsmiðjan.

Hagen, Pierre (útg.). 1679. *Le Jeu de l'hombre*. Le Haya: Pierre Hagen. Á vefsíðu: http://books.google.is/books?id=SgJTAAAAcAAJ&printsec=frontcover&hl=is&source=gbs_ge_summary_r&cad=0#v=onepage&q&f=false (16. apríl 2014).

Halldór Þorsteinsson. 1983. *Lærið að spila lomber*. Reykjavík.

Hübner, Simon Johann (útg.). 1695. *Le Jeu De L'Hombre, Comme il se joué à present. Oder Beschreibung Des L'Ombre-Spiels/ Auff di neueste Manier*. Halle: Hübner. Á vefsíðu: http://digitale.bibliothek.uni-halle.de/vd17/content/pageview/ 64474 (16. apríl 2014).

Ingólfur Sigfússon. 2009. *Lomber*. Á vefsíðu: http://lomber.is (16. apríl 2014).

Jón Árnason og Ólafur Davíðsson. 1887. *Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur*. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmentafélag.

Jón Brynjólfsson. 1973. Ljóðabréf til Ólafs Þormóðssonar í Hjálmholti. *Goðasteinn* 1:82–86.

Jón Þórðarson Thóroddsen. 1919. *Kvæði eptir Jón Þórðarson Thóroddsen*. Kaupmannahöfn.

Lúðvík Kristjánsson. 1985. *Íslenskir sjávarhættir IV*. Reykjavík: Menningarsjóður.

McLeod, John. 1996, 2003. *L'Hombre*. Á vefsíðu: http://www.pagat.com/lhombre/lhombre. html (16. apríl 2014).

Melbye, Johan Christian.1786. *Nye og fuldstændig dansk Spillebog og indeholdende rigtig og tydelig Underviisning i de brugeligste Kort-Spil*. Kaupmannahöfn.

Sigurður Magnússon (þýð.). 1985. Lomber. *Múlaþing* 14:190–200.

Steingrímur Thorsteinsson (ritstj.). 1859. *Ný sumargjöf*. Kaupmannahöfn.

Vikudagur. 2014. Á vefsíðu: http://www.vikudagur.is/vikudagur/nordlenskar-frettir/2014/04/02/lomber-i-sveinbjarnargerdi-um-helgina (16. apríl 2014).

Þórarinn Guðmundsson. 1989. *Spilabók AB*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Orðabækur

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
CORDE = Real Academia Española, Banco de datos (CORDE). *Corpus diacrónico del español*. Á vefsíðu: http://www.rae.es (16. apríl 2014).
DCECH = Corominas, Joan y José Antonio Pascual. 1991–1997. *Diccionario crítico etimológico castellano e hispánico*. Madrid: Gredos.
DRAE = RAE. 2001. *Diccionario de la Real Academia Española*. Madrid: Espasa. Á vefsíðu: http://www.rae.es (16. apríl 2014).
DUE = Moliner, María. 1998. *Diccionario español de uso*. Madrid: Gredos.
í Skála, Annfinnur og Jonhard Mikkelsen. 2007. *Føroysk-ensk orðabók*. *Faroese-English Dictionary*. Tórshavn: Sprotin.
ÍO = *Íslensk orðabók*. 2002. (3. útg. aukin og endurbætt.) Ritstjóri: Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
Kluge. 1999. *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*. Berlín / New York: De Gruyter.
Moth, Matthias. Um 1700. *Mothsordbog*. Á vefsíðu: http://mothsordbog.dk (16. apríl 2014).
ODS = Det danske sprog- og literaturselskab. 1975. *Ordbog over det danske sprog*. København: Gyldendal. Á vefsíðu: http://ordnet.dk/ods/ (16. apríl 2014).
ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Á vefsíðu: http://www.lexis.hi.is (16. apríl 2014).
SAOB = Svenska Akademien. 1898–2005. *Svenska Akademiens Ordbok över Svenska Språket*. Á vefsíðu: http://g3.spraakdata.gu.se/saob/ (16. apríl 2014).
TLF = Gallimard. 1992. *Trésor de la langue française*. París: Centre National de la Recherche Scientifique. Á vefsíðu: http://www.tlf.fr (16. apríl 2014).

Lykilorð

lomberspil – spilaorð – spænska – íslenska

Keywords

l'hombre – card playing words – cardnames – Icelandic – Spanish

Abstract

At the end of the 19th and the beginning of the 20th century the cardplay *l'hombre* was very popular in Iceland. This play probably came to Iceland from Denmark around the middle of the 19th century. This paper deals with some words which belong to

this game and are of Spanish origin as well as the game itself. These Spanish loanwords have travelled from the south to the north through French and Danish until entering Icelandic. Many of the words are still used when the game is played; words like, for example, *basti*, *spaddilía*, *manilía*, *matador*, *koðradilla*, *ponti*, as well as the name of the cardplay, *lomber*.

Erla Erlendsdóttir
Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda
Háskóla Íslands
erlaerl@hi.is